

Mál nr. 209/2006

M og

Vátryggingarfélagið V h.f. v. ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.(H)

Maður slasast þegar hann féll niður af vinnupalli þ. 13.12.2000

## Gögn.

1. Málskot móttengið þ. 19.10.2006. ásamt fylgiskjöllum 1-12
2. Bréf V dags. 27.10.2006

## Málsatvik.

Í lögregluskýrslu segir M að hann hafi hallað sér upp að þverspýtu á vinnupalli og hún gefið sig og hann fallið. Skv. Skýrslu Vinnueftirlits ríkisins og tjónstilkynningu segir að M hafi verið við störf sín uppi á vinnupalli og leitaði að hallamáli og steig upp á handrið og teygði sig utan á pallinum, hallaði sér að skáskífu sem brotnaði með þeim afleiðingum að M féll niður af pallinum og braut hnéskel á hægri fæti. Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins segir að búið hafi verið að rífa niður mest allan stillansinn fyrir ofan nema eitt bil. Teknar voru skýrslur fyrir dómi vegan ofangreinds tjóns og þar kom fram að verulegur ágreiningur er um málsatvik. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda hjá V. Lögmaður M bendir á að M hafi neiti því að hafa verið að klifra á handriði vinnupallsins og bendir í því sambandi á skýrslutökur fyrir dómi. Þá bendir lögmaðurinn á að enginn sjónarvottur hafi orðið að slysinu. Þá heldur lögmaðurinn því fram að aðstæðum á vinnustað hafi verið breytt áður en Vinnueftirlitið kom á staðinn. Lögmaðurinn vísar til 24.gr.reglugerðar nr. 204/1972 máli sínu til stuðnings. V hafnar bótaskyldu og bendir á að skv. Vitnaskýrslum sem teknar hafi verið fyrir dómi sé ljóst að M hafi hallað sér verulega út fyrir handrið vinnupallsins og stutt sig þannig við skáskífuna sem gaf sig. Því er haldið fram af V að vinnupallurinn hafi uppfyllt ákvæði laga nr. 46/1980 um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum og reglur nr. 547/1996. Af hálfu V er því haldið fram að M hafi verið falið ákveðið verkefni en hafi af eigin frumkvæði vikið frá því og óumdeilt sé að M hafi verið varaður við hættunni sem fylgir því að vinna á vinnupöllum auk þess sem hann hafi matt ætla að vinnupallurinn væri ekki eins öruggur og endranær vegan niðurrifs hans. Af hálfu V er því haldið fram að ekki hafi komið að sök þó að fulltrúar Vinnueftirlitsins hafi ekki komið á staðinn fyrr en daginn eftir.

## Álit.

Þó ágreiningur sé um málavexti þá liggur fyrir og ekki ágreiningur um að verið var að rífa vinnupall þann sem um ræðir. Ljóst var því að þeir sem unnu á pallinum eða við hann þurftu að gæta ítrustu varkárni. Eftir því sem best verður séð var M í umrætt sinn óumbeðinn og að eigin frumkvæði að leita að hallamáli þegar slysið varð. Ekki hefur verið sýnt fram á að um vanbúnað hafi verið að ræða sem leitt gæti til bótaskyldu eða sakar vinnuveitanda að öðru leyti og á M því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda hjá V.

## Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda hjá V.

Reykjavík.14.10.2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.